

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu 2014

Inngangur:

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu vinnur skv. samþykkt nr. 636/1997 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins að því markmiði að stuðla að hámarkshollustu neysluvatns til framtíðar. Framkvæmdastjórnin kemur fram sem fulltrúi heilbrigðisnefnda eftir því sem við á vegna vatnsverndar yfir lögsögumörk. Nefndin fjallar um ýmis konar áform er varða skipulag, framkvæmdir og landnýtingu.

Stjórnina skipa Guðmundur H. Einarsson framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK) sem hefur hefur verið formaður árin 2013 og 2014, Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis (HKJ) og Árný Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) sem mun taka við formennsku af Guðmundi á fyrsta fundi 2015.

Starf framkvæmdastjórnar á árinu 2014 markaðist verulega af áframhaldandi vinnu við heildarendurskoðun á vatnsvernd fyrir höfuðborgarsvæði sem unnið hefur verið að á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH). Stýrihópur á vegum SSH fékk verkfræðistofunnar Mannvit (Jóna Bjarnadóttir og síðar Rúnar Bjarnason) og Vatnaskil (Sveinn Óli Pálmason) til ráðgjafar og til að vinna ítarlega líkanreikninga af grunnvatnsrennsli og móta tillögur að nýju skipulagi og fól framkvæmdastjórn að gera tillögu að endurskoðaðri samþykkt.

Átta formlegir fundir framkvæmdastjórnar voru haldnir á árinu 2014. Málefni endurskoðunar vatnsverndar var ávallt á dagskrá eins og að neðan verður rakið. Síðar í skýrslunni verður einnig gerð grein fyrir öðrum málum er komu til umfjöllunar.

Dagskárliðir er varða endurskoðun vatnsverndar:

Fundur nr. 101, haldinn 15. janúar.

Framkvæmdastjórnin samþykkti að óska eftir við SSH að fá kynningu á greinargerð frá 9. janúar 2014 og á samantektartöflum um afmörkun vatnsverndar sem unnar voru af Vatnaskilum.

Fleiri mál voru tekin fyrir á fundinum, sjá síðar.

Fundur nr. 102, haldinn 20. febrúar.

Fundurinn hafði sérstaka yfirskrift, „hugarflugsfundur um gjörð nýrrar heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd höfuðborgarsvæðis“. Til þessa vinnufundar var boðið sérstaklega gestum sem hafa aðkomu að verndun og skipulagi á verndarsvæðum.

Fundur nr. 103, haldinn 3. apríl.

Fjallað var um erindi SSH um framkvæmd við heildarendurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins.

Fundur nr. 104, haldinn 23. apríl.

Á fundinum fór framkvæmdastjórn yfir vinnu starfshópa sem skoðað höfðu einstaka þætti í eldri samþykkt og tillögur að breytingum.

Fundur nr. 105, haldinn 15. maí.

Samþykkt var að senda fyrirbyggjandi fyrstu drög að endurskoðaðri samþykkt til stýrihóps um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu til kynningar.

Fundur nr. 106, haldinn 20. júní.

Breytingar voru gerðar á fyrirbyggjandi drögum að nýrri samþykkt og síðan var samþykkt að senda stýrihóp um endurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins ný drög sem tillögu framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Fundur nr. 107, haldinn 20. ágúst.

Samþykkt var að mæla með að tillögur stýrihóps SSH að endurskoðun vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið færu í auglýsingu og einnig fyrirbyggjandi tillaga að endurskoðaðri heilbrigðissamþykkt fyrir vatnsverndina.

Fleiri mál voru tekin fyrir á fundinum, sjá síðar.

Fundur nr. 108, haldinn 10. desember.

Farið var yfir athugasemdir, sem borist höfðu SSH, um tillögu að heilbrigðissamþykkt í framhaldi af auglýsingu um endurskoðun vatnsverndar. Að teknu tilliti til framkominna athugasemda lagði Framkvæmdastjórnin til breytingar á nokkrum greinum í samþykktinni og sendi stýrihóp SSH til kynningar.

Fleiri mál voru tekin fyrir á fundinum, sjá síðar.

Eins og fram hefur komið fór tillaga að nýju vatnsverndarskipulagi og að nýrri samþykkt í kynningu haustið 2014. Í árslok hafði framkvæmdastjórnin yfirfarið ábendingar sem fram komu á kynningartíma og gengið frá endanlegri tillögu sem lögð verður fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu mál er komu til umræðu Framkvæmdastjórnar á árinu 2014:

- **Gvendarbrunnar. Borun vinnsluholu** (f. 101)
HER gerði grein fyrir áformum Orkuveitu Reykjavíkur um borun vinnsluholu.
- **Príhnúkar. Móttaka ferðamanna til hellisskoðunar** (f. 101)
HHK gerði grein fyrir umsókn 3H Travel ehf. um leyfi til að starfrækja ferðaþjónustu til móttöku ferðamanna og í hvaða ferli þau mál væru.
- **Bláfjöll. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins** (f. 101)
HHK gerði grein fyrir umsókn Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins um endurnýjun starfsleyfis og að áform heilbrigðisnefndar eru með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða að auglýsa tillögu að starfsleyfi til fjöggra ára sem verður gert þegar niðurstöður endurskoðunar vatnsverndar liggja fyrir.
- **Vatnsverndarsvæðið. Húsbrunnar** (f. 101)
HKJ og HHK gerðu grein fyrir hreinsunarstarfi í kjölfar tveggja húsbruna á verndarsvæðum.
- **Vatnsendakrikar. Aukin vatnstaka** (f. 107)
Skipulagsstofnun óskaði með bréfum dags. 30. júní 2014 eftir álit Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á því hvort annars vegar áform um aukna vinnslugetu og vatnsvinnsla á vegum Orkuveitu Reykjavíkur í Vatnsendakrika og hins vegar á aukinni vatnsvinnsla á vegum Vatnsveitu Kópavogs á sama stað skuli háð mati á umhverfisáhrifum.
Efni ofangreindra umsagna voru rædd en það var mat beggja eftirlitssvæðanna að boðuð áform ættu að fara í umhverfismat. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis fékk ekki málið til umsagnar. (Skipulagsstofnun úrskurðaði síðar á árinu að áformin þyrftu ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum).

- **Sandskeið, Umsókn um akstursbraut** (f. 108)
HHK gerðu grein fyrir umsókn Svifflugfélags Íslands um að nýta svæðið tímabundið undir akstursbraut. Heilbrigðisnefnd hafnaði erindinu þar sem starfsemin taldist ekki samrýmast landnotkun og þróun starfsemi á verndarsvæðum vatnsbóla. (Með stjónsýslukæru dags. 22. desember 2014 kærði Svifflugfélag Íslands ákvörðun heilbrigðisnefndar við banni á akstri á Sandskeiði).
- **Vatnstökusvæði, Rannsókn með bakteríufögum** (f. 108)
HER gerði grein fyrir erindi sem barst þar sem óskað var eftir að fá að nýta bakteríufaga til rannsókna á líftíma veira í grunnvatni. Rannsókninni var ætlað að fara fram á vatnstökusvæði. Var erindinu hafnað.

Annað:

Ýmiss önnur mál komu til umræðu á fundum framkvæmdastjórnar.

1. Rætt var um notkun þyrta á verndarsvæðinu og fyrirmæli Umhverfisstofnunar um efnisflutninga í þyrilum til Þríhnúka.
2. Samþykkt var að taka til athugunar hvort tímabært væri að endurtaka fyrri rannsókn á styrk köfnunarefnissambanda er fram fór á árunum 2003 til 2004. Næmni grunnvatnsvatnsforða vatnsbólanna með tilliti til innstreymi ofanvatns væri þá m.a. til skoðunar.
3. Til umræðu kom framkvæmd vatnalaga, aðkomu heilbrigðiseftirlits að málaflokknum og aðgengi þess að gögnum í gagnagrunnum og vefsíam.

PS

Minnisblað.

Guðmundur og Árný sátu alla fundi stjórnar. Þorsteinn alla nema fund 108, Kristín Lóa (HER) alla nema 107 og Páll (HHK) alla nema 106. Þá sátu Rósa Magnúsdóttir (HER), Óskar Ísfeld Sigurðsson (HER) og Tore Skjenstad (HHK) fund 102 og Árni Davíðsson (HKJ) fundi 102 og 108 (í stað Þorsteins). Jóna Bjarnadóttir ráðgjafi sat fundi 102, 103 og 104. Guðmundur annaðist fundarritun 106 fundar en Páll á öðrum fundum.